

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps í Snæfellsbæ.

#### 2. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjald) og gámagjald, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

#### 3. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphreinsun fer fram kr. 9.350 í sorphirðugjald og kr. 7.770 á íbúð í sorpeyðingargjald.
- b) Sumarbústaðir þar sem sorphirða fer ekki fram kr. 2.600 á bústað í sorpeyðingargjald og kr. 4.100 á bústað í gámagjald

#### 4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 7.190 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum. Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 5.466 fyrir hvern rúmmetra.

Fyrir bílhrae greiðast kr. 3.560 fyrir stykkið.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 5.752 fyrir tonnið.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 3.013 fyrir rúmmetra.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 890 á rúmmetra.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 2.657 fyrir rúmmetra, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að ¼ hluta farms greiðast kr. 10.641 fyrir hvern rúmmetra og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs hærra en ¼ hluta farms greiðast kr. 13.229 fyrir hvern rúmmetra.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 2.657 fyrir rúmmetra.

Fyrir fiskikör greiðast kr. 12 kr. á kílógramm.

Fyrir netaafskurð greiðast kr. 14 kr. á kílógramm.

Fyrir nálar greiðast kr. 10.383 kr. á rúmmetra.

Fyrir lyf greiðast kr. 400 kr. á lítra.

Fyrir framköllunarvökva greiðast kr. 96 kr. á lítra.

Fyrir silfur greiðast kr. 510 kr. á lítra.

Virðisaukaskattur er innifalinn í verði skv. þessari grein.

#### 5. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds.

#### 6. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

7. gr.

Innheimta samkvæmt 4. gr. er gerð með sérstökum reikningi, eindagi er 15 dögum eftir útskrift reiknings.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 9. desember 2004 er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 11. janúar 2005.*

**Kristinn Jónasson** bæjarstjóri.